

Viðauki

Skilyrði við ákvörðun á flæði nitrósamína og efna sem geta umbreyst í nitrósamín úr gúmmítúttum og snuðum.

1. Prófunarlausn (saltlausn)

Eftirfarandi sölt eru leyst í 1 lítra af eimuðu vatni:

4,2 g natríumbíkarbónat (NaHCO_3)
 0,5 g natríumklóríð (NaCl)
 0,2 g kalíumkarbónat (K_2CO_3)
 0,03 g natríumnítrít (NaNO_2)

Lausnin skal hafa pH-gildi 9.

2. Aðstæður prófunar

Útbúin skulu sýni úr hæfilegum fjölda af gúmmítúttum eða snuðum og þau höfð í prófunarlausninni í 24 klst. við $40^\circ\text{C} \pm 2^\circ\text{C}$.

3. Mæling á flæði

- Flæði nitrósamína skal mælt í einum skammti af hverri lausn sem fengin er samkvæmt tölulíð 2. Nitrósamín eru dregin út með nitrósamínfríu tvíklórmetani (DCM) og magn þeirra ákvarðað í gasgreini.
- Flæði efna sem geta umbreyst í nitrósamín skal mælt í öðrum skammti af hverri lausn sem fengin er samkvæmt viðauka 1. Efnunum er breytt í nitrósamín með því að bæta saltsýru (HCl) í prófunarlausnina. Að því búnu er magn nitrósamína ákvarðað með útdrætti með tvíklórmetani (DCM) og gasgreiningu.

REGLUGERÐ

um ölkelduvatn.

I. KAFLI**Gildissvið og skilgreiningar.****1. gr.**

Reglugerð þessi gildir um ölkelduvatn (mineral water). Ákvæði hennar ná þó ekki til ölkelduvatns sem er ætlað til útflutnings til ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins og vatns sem er skilgreint sem lyf samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins nr. 65/65/EBE. Ölkelduvatn og eftirlit með því skal jafnframt uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.

2. gr.

Með ölkelduvatni er í reglugerð þessari átt við vatn sem á upptök sín neðanjarðar og kemur frá einni eða fleiri náttúrulegum uppsprettum eða borholum. Vatn þetta er einkum frábrugðið öðru neysluvatni að því leyti að upprunalegt ástand þess og eðli hefur varðveist sökum þess að vatnið á upptök sín neðanjarðar og er varið fyrir mengun. Breyting á rennslisraða (flæði) vatnsins skal ekki hafa áhrif á samsetningu þess, sem skal vera stöðug hvað varðar einkennandi þætti eins og innihald steinefna, snefilefna og annarra efnisþátta.

II. KAFLI

Skilyrði fyrir hagnýtingu.

3. gr.

Hver sá er hyggst hagnýta ölkelduvatn til dreifingar þarf til þess leyfi viðkomandi heilbrigðisnefndar, að undangenginni staðfestingu Hollustuverndar ríkisins, vegna þeirra skilyrða sem fram koma í þessum kafla reglugerðarinnar. Heilbrigðisnefnd skal auglýsa veitt leyfi í Lögbirtingablaðinu og Hollustuvernd sér síðan um að koma nauðsynlegum gögnum til umhverfisráðuneytis sem kemur þeim til birtingar í stjórnartíðindum ESB.

Leyfi samkvæmt 1. mgr. gildir mest í tvö ár og ef það er endurnýjað áður en sá tími er liðinn er ekki nauðsynlegt að leggja fram að nýju öll gögn sem krafa er gerð um í þessum kafla. Eftirlitsaðili skal hafa fullan aðgang að gögnum úr innra eftirliti leyfishafa til að fylgjast með stöðugleika og gæðum vatnsins.

4. gr.

Hagnýting á ölkelduvatni er eingöngu heimil ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt af hálfu umsóknaraðila og vatnið samræmist þeim skilyrðum sem hér koma fram.

1. Fyrir mat á jarð- og vatnsfræðilegum þáttum skal leggja fram:
 - a) nákvæma staðsetningu írennslissvæðis (catchment) og hæð yfir sjávarmáli, skráð á landakort á kvarða ekki stærri en 1:1000;
 - b) greinargerð um jarðfræði, uppruna og eðli landsvæðisins;
 - c) lýsingu á vatnafræði og jarðlögum;
 - d) lýsingu á írennslissvæðinu og virkni þess;
 - e) afmörkun svæðisins eða lýsingu á öðrum aðgerðum sem vernda uppsprettuna/borholuna gegn mengun.
2. Kanna skal eftirfarandi eðlis- og efnafræðilega þætti:
 - a) rennslis hraða vatnsins;
 - b) hitastig vatnsins við upptöku og hitastig umhverfisins;
 - c) sambandið milli eðlis landsvæðisins og eðlis og gerðar vatnsins;
 - d) leifar þurrefnis við 180°C og 260°C;
 - e) rafleiðni eða viðnám (tilgreina skal hitastig);
 - f) sýrustig (pH);
 - g) styrk anjóna og katjóna;
 - h) styrk ójónaðra efna;
 - i) styrk snefilefna;
 - j) þar sem við á, styrk ísótópa súrefnis (O16-O18) og vetnis (H1-H3) í vatninu.
3. Orverufræðilegir þættir sem ekki skulu finnast við rannsókn á vatninu:
 - a) sníkjudýr og sýklar;
 - b) Escherichia coli og aðrir kólígerlar í 250 ml;
 - c) saurkokkar í 250 ml;
 - d) grómyndandi loftfælnar súlfítafoxandi örverur í 50 ml;
 - e) Pseudomonas aeruginosa í 250 ml.

5. gr.

Óheimilt er að sótthreinsa vatnið eða meðhöndla það á annan hátt sem gæti haft áhrif á líftölu þess, að undanskildum ákvæðum 6. gr. Líftala örvera, þ.e. fjöldi kólóníumyndandi eininga, í vatninu á upptökustað, skal vera í samræmi við eðlilega líftölu vatnsins og vera næg sönnun þess að upptökin séu varin gegn allri mengun. Líftala skal ákvarðast með ræktun við 20-22°C í 72 klst. og við 37°C ± 1°C í 48 klst.

Á upptökustað skal miðað við að líftalan fari ekki yfir 20 í ml eftir 72 klst. við 20-22°C og 5 í ml eftir 48 klst. við 37°C. Eftir átöppun er óheimilt að þessi gildi fari yfir

100 í ml eftir 72 klst. ræktun við 20-22°C og 20 í ml eftir 48 klst. ræktun við 37°C ± 1°C. Líftalan skal mæld innan 12 klst. frá átöppun og skal halda vatninu við 4°C ± 1°C á þessu 12 klst. tímabili. Við upptök og í neytendaumbúðum skal vatnið jafnframt uppfylla skilyrði 3. tölul. 4. gr.

6. gr.

- Ölkelduvatn, í upprunalegu ástandi, er óheimilt að meðhöndla nema á eftirfarandi hátt:
1. Með síun eða fellingu til að fjarlægja óstöðug efni þess svo sem járn og brennisteins-sambönd, mögulega að undangenginni súrefnisbindingu. Meðferðin má ekki hafa áhrif á samsetningu vatnsins hvað varðar þau undirstöðuefni sem gefa því séreiginleika.
 2. Með eðlisfræðilegum aðferðum til eyðingar óbundins koltvísýrings, algjörlega eða að hluta.
 3. Með því að bæta koltvísýringi í vatnið, ef það er gert í samræmi við skilgreiningar á freyðandi ölkelduvatni í 9. gr.
- Ákvæði þessarar greinar koma ekki í veg fyrir notkun ölkelduvatns við framleiðslu svaladrykkja.

7. gr.

Hollustuvernd ríkisins gefur út leiðbeiningar um hagnýtingu og markaðssetningu ölkelduvatns og þau skilyrði sem slíkt vatn þarf að uppfylla, svo sem kröfur um efnarannsóknir og stöðugleika í efnasamsetningu.

III. KAFLI

Umbúðir og merking.

8. gr.

Umbúðir átappaðs ölkelduvatns skulu vera þannig gerðar að þær komi í veg fyrir að vatnið spillist með einhverjum hætti.

9. gr.

Heiti eða nánari vörulýsing átappaðs ölkelduvatns skal vera „ölkelduvatn“. Heiti eða vörulýsing freyðandi ölkelduvatns skal vera: „náttúrulega kolsýrt ölkelduvatn“, „ölkelduvatn bætt kolsýru frá upptökustað“ eða „kolsýrt ölkelduvatn“, sbr. eftirfarandi skilgreiningar:

1. „Náttúrulega kolsýrt ölkelduvatn“ merkir ölkelduvatn sem inniheldur sama koltvísýringismagn við átöppun og það gerði við upptök að undangenginni fellingu ef við á. Með fyrirvara um leyfileg tæknileg viðmiðunarmörk, er heimilt að bæta í vatnið jafnmiklum koltvísýringi frá upptökustað og þeim sem tapaðist við vinnslu.
2. „Ölkelduvatn bætt kolsýru frá upptökustað“ merkir ölkelduvatn sem við átöppun inniheldur koltvísýring sem fenginn er frá upptökustað vatnsins.
3. „Kolsýrt ölkelduvatn“ merkir ölkelduvatn bætt koltvísýringi sem ekki er fenginn frá upptökustað.

Hafi vatnið verið meðhöndlað eins og um getur í 2. tl. 6. gr. skal bæta við heitið eða vörulýsinguna: „afkolsýrt“ eða „afkolsýrt að hluta“.

10. gr.

Auk þess að uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 588/1993 um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

1. Annað hvort orðin „samsetning í samræmi við niðurstöður viðurkenndrar greiningar frá: (dagsetning greiningar)“, eða lýsing á samsetningu vörunnar með upplýsingum um einkennandi efnisþætti.

2. Heiti svæðis þar sem vatnið er tekið og heiti upptökustaðar. Heiti svæðis getur verið hluti af heiti vörunnar eða nánari vörulýsingu, sbr. 9. gr., ef þetta er ekki á nokkurn hátt villandi um uppruna vörunnar.

Heimilt er að sérmerkja umbúðir ölkelduvatns með þeim upplýsingum sem fram koma í viðauka, þegar tryggt er að viðeigandi skilyrðum um þær er fullnægt.

11. gr.

Þegar uppspretta eða borhola er nýtt til hagnýtingar og markaðssetningar á ölkelduvatni er óheimilt að nota fleiri en eina vörulýsingu fyrir vatn úr þeirri uppsprettu eða borholu. Með vörulýsingu er átt við ákvæði þessa kafla reglugerðarinnar um merkingar.

IV. KAFLI

Eftirlit.

12. gr.

Heilbrigðisnefndir hafa undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hver á sínum stað, eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt.

13. gr.

Tryggt skal að reglubundið eftirlit sé haft með þeim búnaði sem notaður er við hagnýtingu og markaðssetningu ölkelduvatns og skal hann uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Búnaður sem notaður er verður að vera þannig að hann spilli ekki vatninu og tryggi að eiginleikar þess við upptöku varðveitist.
2. Vernda skal uppsprettuna/borholuna gegn mengun.
3. Leiðslur, geymar og annar búnaður verður að vera úr efni sem hæfir vatninu og er þannig hannaður að komið verði í veg fyrir efna-, eðlis- og örverufræðilegar breytingar á vatninu.
4. Aðstæður við vinnslu, sérstaklega þvotta- og átöppunarhúsnæði, skulu samrýmast almennum kröfum um hollustuhætti. Sérstaklega verður að gæta þess að ílát og umbúðir séu þannig gerð og meðhöndluð að örveru- og efnafræðilegir eiginleikar vatnsins breytist ekki.
5. Bannað er að flytja ölkelduvatn í öðrum ílátum en þeim sem ætluð eru til dreifingar til neytenda.

14. gr.

Komi í ljós mengun ölkelduvatns við vinnslu eða að vatnið uppfyllir ekki lengur ákvæði 5. gr., skal stöðva átöppun þegar í stað og ekki hefja hana að nýju fyrr en mengunin er upprætt og/eða sýnt þykir að vatnið uppfyllir örverufræðileg skilyrði samkvæmt 4. og 5. gr. Sömu starfsaðferðir skulu viðhafðar ef gallar koma fram við skynmat.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði og gildistaka.

15. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli, sbr. og lög nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.

Með mál sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

16. gr.

Reglugerð þessi er sett með stöð í lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísad er til í II. viðauka XII. kafla, 26. tölul., tilskipun 80/777/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi hagnýtingu og markaðssetningu ölkelduvatns, og þeim breytingum og viðbótum sem leiða af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans.

Umhverfissráðuneytið, 6. júlí 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

**Viðauki
Sérmerking umbúða.**

Merking

Steinefnasnautt
Lítið magn steinefna
Steinefnaríkt
Inniheldur bíkarbónat
Inniheldur súlfat
Inniheldur klóríð
Inniheldur kalk
Inniheldur magnesíum
Inniheldur flúoríð
Inniheldur járn
Súrt
Inniheldur natríum
Má nota í natríumskert fæði

Skilyrði

EKKI meira en 50 mg/l
EKKI meira en 500 mg/l
Meira en 1500 mg/l
Meira en 600 mg/l
Meira en 200 mg/l
Meira en 200 mg/l
Meira en 150 mg/l
Meira en 50 mg/l
Meira en 1 mg/l
Meira en 1 mg/l
Óbundinn koltvísýringur yfir 250 mg/l
Meira en 200 mg/l
Natríum minna 20 mg/l

Nr. 391

6. júlí 1995

REGLUGERÐ

um hunang.

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um hunang samkvæmt skilgreiningu í 2. grein. Hún gildir þó ekki um hunang sem ætlað er til útflutnings til ríkja utan Evrópsks efnahagssvæðis.

2. gr.

1. **Hunang** er vara sem hunangsflugur framleiða úr hunangslegi blóma eða seyту jurta og sem þær safna, umbreyta, binda sérstökum efnum, geyma og láta þroskast í vaxkökum. Afurðirnar eru ýmist fljótandi, í föstu formi eða kristallaðar.
2. **Blómahunang** er hunang sem er aðallega fengið úr hunangslegi blóma.